

Stjórn Samtakanna '78  
Starfsárið 2017 – 2018  
4. Fundur

Fundinn sátu: María Helga Guðmundsdóttir - MHG, formaður. Sigurður Júlíus Guðmundsson - SJG, varaformaður. Álfur Birkir Bjarnason - ÁBB, ritari. Kitty Anderson - KA, alþjóðafulltrúi. Guðmunda Smári Veigarsdóttir- GSV, meðstjórnandi. Marion Lerner - ML, áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn. Helga Baldvins- Bjarnadóttir - HBB, framkvæmdastýra.

Þann 4. maí 2017 var haldinn fundur að Vesturgötu 65 kl. 17:40.  
Fundargerð rituðu Álfur Birkir Bjarnason & María Helga Guðmundsdóttir

Fundur settur 17.40

#### 1. Mótmælavika við rússneska sendiráðið

Aðgerðir og viðbrögð við mótmælum rædd. Við munum hvetja til löglegra og friðsamlegra mótmæla og áréttta að tilmæli lögreglu séu virt.

#### 2. Pistill framkvæmdastýru

HBB kynnir verkefnastöðu. HBB mun hefjast handa við að auglýsa eftir húsverði.

Álfur gengur af fundi 18:35

#### 3. Varafulltrúi í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands

Samþykkt að HBB taki við af Auði Magndísi Auðardóttur sem varafulltrúi.

#### 4. Vottun fyrir ráðgjafa

Ráðgjafar S78 hafa áhuga á að setja saman námskeið fyrir fagfólk í ráðgjafarstörfum sem hægt er að sitja til að fá vottun sem „hinseginvænn ráðgjafi“. Samþykkt að óska eftir lýsingu á námskeiðinu og vottuninni sem þau hafa í huga og leggja mat á verkefnið þá.

Fundi slitið 18:35